AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Rafveitu Siglufjarðar, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Vestmannaeyja, Hitaveitu Seyðisfjarðar og Hitaveitu Hafnarhrepps.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 1. febrúar 1983:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 757, 30. nóvember 1982:

Allir taxtar, að undanskildum töxtum A5, c1 og c2 hækki um	21,3%
Taxti A5. Markmæling. Orkugjald verði	kr. 0,44/kWh
Taxti c1. Hitun íbúðarhúsnæðis. Orkugjald verði	kr. 0,58/kWh
Taxti c2. Hitun íbúðarhúsnæðis. Orkugjald verði	kr. 0,41/kWh

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 742, 30. nóvember 1982.

Allir taxtar, að undanskildum töxtum B. Heimili. Markmæling og D. húshitun. Íbúðarhúsnæði, taxtar 4.1, 4.2, 4.3, 4.4 og 4.6 svo og taxti 8.3 heimtaugagjöld í þéttbýli hækki um	21,3%
B. Heimili. Markmæling, liður 2.2 Orkugjald af allri notkun verði	kr. 0,44kWh
D. Húshitun. Íbúðarhúsnæði.	
Taxti 4.1 orkugjald, verði	kr. 1,90/kWh
Taxti 4.2 orkugjald, verði	kr. 1,46/kWh
Taxti 4.3 orkugjald, verði	kr. 0,58/kWh
Taxti 4.4 orkugjald, verði	kr. 0,17/kWh
Taxti 4.6 næturhitun, orkugjald, verði	kr. 0,32/kWh
Taxti 8.3 heimtaugagjöld í þéttbýli hækki um	11,3%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 496, 18. ágúst 1982.

Allir taxtar, að undanskildu gjaldi samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins fyrir íbúðarhúsnæði, hækki um	21,3%
Orkugjald samkvæmt 1. mgr. 3. gr. verði	kr. 0,52/kWh

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafveitu Siglufjarðar, Rafveitu Reyðarfjarðar og Rafveitu Vestmannaeyja, frá og með 1. febrúar 1983:

Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 744 30. nóvember 1982.

Allir taxtar, að undanskildum taxta 4.1 orka til húshitunar, hækki um	21,3%
Taxti 4.1, orka til húshitunar, verði	kr. 0,67/kWh

Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 747 30. nóvember 1982.

Allir taxtar, að undanskildum taxta 4.2, orkugjald og 4.3, orkugjald (næturhitun), hækki um	26,5%
Taxti 4.2, orkugjald, verði	kr. 0,62/kWh
Taxti 4.3, orkugjald (næturhitun), verði	kr. 0,32/kWh

Rafveita Vestmannaeyja, nr. 748 30. nóvember 1982.

Allir taxtar, að undanskildum taxta D1, orkugjald (húshitun) C2 og F5, hækki um	22,2%
Taxti D1 verði	kr. 0,65/kWh
Taxtar C2 og F5, hækki um	29,0%

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám hitaveitu Seyðisfjarðar og Hitaveitu Hafnarhrepps, frá og með 1. febrúar 1983:

Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 729, 30. nóvember 1982.

Allir taxtar að undanskildum töxtum í 3. gr. hækki um	21,3%
Taxtar samkvæmt 3. gr. verði:	
Samkvæmt orkumæli	kr. 0,54/kWh
og jafnframt samkv. vatnsmæli	kr. 5,18/m^3
Gjald fyrir hvern rúmmetra	kr. 39,40/m^3

Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps, nr. 730 30. nóvember 1982.

Allir taxtar að undanskildum töxtum í 3. gr. hækki um	21,3%
Taxtar samkv. 3. gr. verði:	
Taxti I hækki um	21,3%
Taxti II verði:	
fyrir hverja kWh	kr. 0,42/kWh
fyrir hvern rúmmetra vatns	kr. 5,65/m^3
Fyrir vatnsmælingu eingöngu:	
hver rúmmetri vatns verði	kr. 35,00/m^3

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.